



Minnisblað - aðgerðaáætlun Menningarstefnu Ísafjarðarbæjar 2024

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032 var samþykkt á 493. fundi bæjarstjórnar þann 7. apríl 2022. Með tillögu menningarmálanefndar um samþykkt stefnunnar var einlæg ósk þess að aðgerðaáætlun yrði samþykkt og myndi fylgja stefnunni.

Vinnu við aðgerðaáætlun hófst haustið 2022, en menningarfulltrúi Vestfjarðastofu Skúli Gautason, stýrði þeirri vinnu, eins og vinnu við stefnuna. Í aðgerðaáætluninni er lagt til að gert verði ráð fyrir fjármunum vegna aðgerða á fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2023-2028, en nánari fjárhæð og skilgreining verkefna kemur fram í aðgerðaáætluninni sjálfri.

Í minnisblaði þessu liggja til samþykktar drög að aðgerðaáætlun fyrir árið 2024 til fyllingar menningarstefnu Ísafjarðarbæjar, en menningarmálanefnd vísaði aðgerðaáætlun 2024 til samþykktar í bæjarstjórn á 169. fundi sínum þann 18. september 2023.

Auk þessa bókaði nefndin að hún legði áherslu á að setja þyrfti á fót stöðugildi menningarfulltrúa eigi aðgerðaráætlun að ganga eftir.

Lagt er til að eftirfarandi aðgerðir verði samþykktar og gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun 2024, sbr. excel skjal til hliðsjónar varðandi fjárhæðir þar sem það á á við:

1. Jafnt aðgengi allra:

- Leitað verði leiða til að styrkja önnur menningarhús í uppsetningu hjólastólaaðgengis (s.s. lyfta, rafdrifnar hurðir og rampa)
- Setja þarf upp rafdrifnar hurðir og rampa í Jónshúsi Neðstakaupstaðar
- Bætt aðgengi á Byggðasafni með stígum og ljósum
- Hugað verði að bættum almenningsamgöngum milli byggðakjarna í tengslum við stærri menningarviðburði (17. júní, veturnætur 3dagar, aldrei 3 dagar)
- Hugað verði að lausnum fyrir sjónskerta og heyrnarlausu varðandi upplifun, m.a. með kaupum á hljóðbúnaði

2. Áhersla á listir ungmenna og barna

- Vinnustofur barna og unglunga í listum og menningu og viðburðahald fyrir börn og ungmenni fái aukið vægi við mat á umsóknum í menningarstyrkjasjóð Ísafjarðarbæjar
- Sérstök áhersla verði lögð á að auðvelda aðgengi ungra listamanna og listamanna sem tilheyra jaðarhópum að styrkjum

3. Söfn og menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar skulu vera mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa og veigamikill þáttur í upplifun gesta

- Samstarf millum safna og menningarstofnana verði aukið með sameiginlegum menningarviðburðum
- Komið verði á reglulegum samráðsfundum menningar í Ísafjarðarbæ

4. Ísafjarðarbær styðji áframhaldandi uppbyggingu og starfsemi í menningarhúsunum þremur; Edinborgarhúsinu, Hömrum og Safnahúsinu

- Unnið verði áfram að þríhliða samningi Edinborgarhússins, Ísafjarðarbæjar og ríkisins.

- Unnið verði að áframhaldandi endurbótum á Safnahúsinu. (kjallari, loftræsting, gluggar, anddyri, unglíngahorn)
 - Efnt verði til samtals við aðstandendur Edinborgarhússins um frekari nýtingu hússins s.s. á þriðju hæðinni.
- 5. Ísafjarðarbær varðveiti áþreifanleg og óáþreifanleg menningarverðmæti menningarstofnana sveitarfélagsins til framtíðar.**
- Komið verði á fót geymslum sem uppfylla skilyrði laga/reglna og gera menningarstofnunum kleift að varðveita safnkost sinn og menningararf við sem best skilyrði
- 6. Lista- og menningarstarfsemi í Ísafjarðarbæ verði eflað með auknu samstarfi menningarstofnana, aðila sem starfa innan menningar, fræðslustofnana, skapandi einstaklinga og annarra aðila.**
- Samstarf grunn- og leikskóla sveitarfélagsins og menningarstofnana verði eflað.
 - Gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum að menningarstofnanir hafi fjármagn í viðburði og sýningar.
- 7. Menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar móti sér hver sína stefnu og hafi menningargestefnu Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi.**
- Ísafjarðarbær setji sér sérstaka safnastefnu.
- 8. Ísafjarðarbær skal eiga í virku samtali við íbúa um listir og menningu.**
- Ísafjarðarbær standi fyrir málstofu um menningarmál einu sinni á hverju kjörtímabili
- 9. Ísafjarðarbær styðji við faglegt umhverfi lista með því að styrkja aðstöðu listamanna og skapandi framleiðenda.**
- Félagsmiðstöðvar standi fyrir fjölbreytilegri menningardagskrá og bjóði upp á rými til sköpunar
 - Ísafjarðarbær geri langtímasamninga við árleg menningarverkefni
 - Sjóður til menningarstyrkja í sveitarfélaginu verði stækkaður
 - Ísafjarðarbær standi fyrir skapandi sumarstörfum árlega
- 10. Menning, listir og skapandi greinar verði stærri hluti af atvinnulífi Ísafjarðarbæjar.**
- Virðisaukinn, hvatningarverðlaun, verði endurvakinn (farandgripur, viðurk.skjal, kaffi)
 - Ísafjarðarbær hafi frumkvæði að stofnun sjálfbærra klasa þar sem hvatt er til samnýtingar og skapandi fólk sækir stuðning hvert til annars.
 - Sett verði á fót staða verkefnastjóra menningarmála hjá sveitarfélaginu (50%)
- 11. Ísafjarðarbær styrki tengsl sín við menningarlíf í öðrum landshlutum og hið alþjóðlega listaumhverfi.**
- Menningarmálanefnd komi upp ferðasjóði þar sem hægt er að sækja um ferðastyrki fyrir listamenn til og frá Ísafjarðarbæ.
 - Vinabæjarsamskipti verði endurskoðuð og endurskilgreind
- 12. Ísafjarðarbær leggi áherslu á merkingu sögustaða og gönguleiða sem hafa að geyma sögusvæði og menningarminjar.**
- Sett verði upp skilti við Jónsgarð með sögu garðsins
 - Söguskilti verði sett upp í Skutulsfirði
- 13. Skapa skal rými fyrir menningu og listir við uppbyggingu grænna svæða, almenningsgarða og útivistarsvæða.**
- Drena Jónsgarð svo hægt sé að nýta hann frekar til menningarstarfs
 - Taka saman upplýsingar um þann fjársjóð sem felst í sjálfbóðaliðastarfi í listum og menningu. Þetta framlag er stórt til verðmætasköpunar í bæjarfélaginu á mörgum sviðum. Á viðskiptasviðinu hjálpar það til við markaðssetningu, auðgar mannlífið og dregur að gesti og örvar með því viðskipti þjónustuaðila. Hver og einn getur tekið saman vinnustundir sjálfbóðaliða við hátíðir, viðburði og aðra starfsemi á lista- og menningarsviðinu. Við vitum flest hvað þetta er mikið í okkar verkefnum.

